

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. sept. 2020

Umsögn um áform um lagasetningu – Frumvarp til laga um áhafnir skipa

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (samtökin) hafa tekið til umsagnar áform um smíði frumvarps til laga um áhafnir skipa sem auglýst voru á samráðsgátt stjórnvalda þann 21. ágúst síðastliðinn.

Fram kemur að ætlunin sé að fella úr gildi lög nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, lög nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, lög nr. 35/2010, um lögskráningu sjómanna, og lög nr. 50/1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum. Þá segir enn fremur að önnur viðeigandi lög verði skoðuð í þeirri vinnu með það að markmiði að smíða frumvarp til nýrra heildarlaga um áhafnir skipa.

Samtökin taka undir birt áform og telja tímabært að endurskoða lagaumhverfi áhafna fiskiskipa og þjónustubáta fiskeldis með tilliti til þeirrar þróunar sem hefur orðið í útgerð skipa undanfarinn áratug sérstaklega, einkum með tilliti til aukins öryggis og betri tæknibúnaðar um borð í skipum.

Samtökin taka undir þau sjónarmið sem finna má í áformum ráðuneytisins að rétt sé að mönnun skipa sé ekki málefni löggjafans heldur framkvæmdarlegs eðlis. Mismunandi útgerðarform, rekstur skipa og verkefni þeirra kalla á ólíka mönnun. Mikilvægt er að þau sjónarmið nái fram að ganga við smíði nýs frumvarps til heildarlaga um áhafnir skipa. Á það ekki síst við um menntunarstig réttindamanna og samspil sjótíma við ávinning réttindastiga vélstjórnar- og skipstjórnarmanna.

Þá taka samtökin heils hugar undir þau sjónarmið sem finna má í áformunum er varða hlutverk undanþágunefndar annars vegar og mönnunarnefndar hins vegar. Samtökin hafa áður bent á þessi sjónarmið í umsögnum um löggjafarmálefni er varða mönnun skipa. Samgöngustofa hefur gert það sömuleiðis, sbr. t.d. í umsögn um síðustu lagabreytingu sem gerð var á lögum nr. 30/2007, sbr. lög nr. 166/2019.

Við veitingu á undanþágum frá mönnun og frávikum ber að líta til hlutlægra viðmiða á grundvelli skýrra heimildarákvæða. Slíkar ákvarðanir mætti auðveldlega fela Samgöngustofu að afgreiða með einföldum hætti, líkt og gert er í Noregi. Samtökin árétta þó að tryggja þarf skjóta og góða afgreiðslu mála sem oft á tíðum koma upp með afar skömmum fyrirvara, jafnvel utan skrifstofutíma.

Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin til að eiga samtalið við fulltrúa ráðuneytisins til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum samtakanna.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

